



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skipulagsfulltrúi

---

*Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna Húsverndarsjóðs Reykjavíkurborgar (US210127)*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 12.05.2021 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins og vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

*Þetta ár bárust 39 umsóknir og engin frá úthverfum, flestar í miðbæ og vesturbæ enda þar flest gömul hús, friðuð hús. Fulltrúi Flokks fólksins vill leggja fram fyrirspurn um hvort ekki væri rétt að skoða að tengja hverfisvernd Húsverndursjóði?  
Nú eru mörg úthverfi að komast á það stig að þau spegla tíðaranda þess tíma þegar þau voru byggð. Það ber að varðveita. Nú söknum við t.d bensinstöðva,-Nesti- sem aldrei urðu 100 ára. Með því að tengja hugmyndina um hverfisvernd við húsverndun (Húsverndunarsjóðs) opnast möguleikar á að vernda ákveðin stíl eða tíðaranda þess tíma þegar hverfið var byggt.*

Hlutverk Húsverndarsjóðs Reykjavíkurborgar er að veita styrki til endurgerða eða viðgerða á mannvirkjum í Reykjavík sem hafa sérstakt varðveislugildi af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum. Sérstök áhersla er lögð á styrkveitingar til framkvæmda sem miða að því að færa ytra byrði húsa til upprunalegs horfs.

Öllum er frjálst að sækja um styrk úr húsverndarsjóði ár hvert en rétt er að engar umsóknir vegna húsa í úthverfum borgarinnar bárust árið 2021. Langflestar umsóknir varða eldri hús í miðborginni, enda eru mörg þeirra friðuð skv. lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) og endurgerð þeirra krefst oft sérlausna sem geta verið talsvert kostnaðarsamari en hefðbundnar lausnir. Styrkur úr húsverndarsjóði er því hjálp og hvatning fyrir þá sem vilja færa hús sín nær upprunaleikanum, bæta þannig götumyndir og standa vörð um okkar sameiginlegu byggingararfleifð.



Öll hverfi borgarinnar hafa sín sérkenni og sinn staðaranda og tekið er undir að víðar má finna listræn og menningarsöguleg verðmæti en þar sem hús eru vernduð af lögum um menningarminjar. Friðun er ekki skilyrði fyrir því að hljóta styrk úr húsverndarsjóði.

Húsverndarsjóðurinn getur ekki tryggt vernd eða upprunaleika hverfa. Hverfisvernd þarf að tryggja með ákvæðum í skipulagsáætlunum. Í skipulagslögum (nr. 123/2010) er hverfisvernd skilgreind sem „Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja.“

Í 12. grein laganna segir enn fremur: „Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.“

f.h. skipulagsfulltrúa  
Sólveig Sigurðardóttir  
arkitekt / verkefnastjóri